

Gátlisti fyrir formenn

Fyrsta hálfra árið (júlí – desember) á sléttu ártali.

Stjórn tekur við 1. júlí. Fyrir þann tíma eiga félagskonur að greiða félagsgjöldin.

Velur gjaldkera í samráði við stjórn.

Kannar hvernig innheimtur félagsgjalda standa.

Velur vefstjóra í samráði við stjórn.

Tilkynnir nýja stjórn deildarinnar til rsk.is (Á við ef deildin er með kennitölu. Eyðublað RSK 17.30, sem öll stjórnin og meiri hluti síðustu stjórnar þarf að skrifa undir ásamt prókúruhafa). Athuga hvort það þarf að fylla út eyðublað um raunverulega eigendur hjá RSK 1728.

Les yfir lög og reglugerð sambandsins, sem eru á vef <https://www.dkg.is/is/um-dkg/log-og-reglur>.

Kynnir sér handbók, en þar eru m.a. markmið samtakanna og upplýsingar um tákni og hefðir: Sjá https://www.dkg.is/static/files/skjol_landssamband/Handbok_DKG_2014_2015_4.pdf

Situr í framkvæmdaráði landssambandsins og ber að mæta á fundi þess. Fyrsti fundur er yfirleitt í byrjun september. Boð berast frá forseta um tímasetningu fundarins. Heimilt að senda staðgengil.

Stjórn gerir áætlun um fundi fyrir veturinn (minnst 4 fundir skv. reglugerð 7. Gr. B2) og birtir á vef deildar og sameiginlegu viðburðadagatali á dkg.is.

Heldur fundi skv. fundaráætlun (skv. reglugerð 7. gr. B 2 minnst 4 fundir á ári) og framkvæmir ákvarðanir stjórnar.

Stjórnar fundum deildar.

Upplýsir félagskonur um fréttir úr starfi landssambands og alþjóðasambands eftir því sem við á.

Staðfestir fundargerðir og fylgist með að gengið sé frá fundargerðum í samræmi við ákvarðanir deildarinnar.

Ber ábyrgð á fjármálum deildarinnar og leggur fjárhagsáætlun fyrir stjórn deildar til samþykktar. Gjaldkeri gerir áætlunina.

Kynnir sér síðu alþjóðasamtakanna dkg.org og fær lykilorð inn á hana hafi það ekki verið gert áður.

Fylgist með að gjaldkeri greiði félagsgjöld til landssambands fyrir 30. september.

Þann 1. október falla þær félagskonur út af félagatali, sem ekki hafa greitt félagsgjöldin.

Fer yfir félagalista deildar:

Tekur út konur sem ekki hafa greitt félagsgjald.

Tekur út konur sem hafa sagt sig úr samtökunum.

Bætir við konum sem hafa gengið í samtökin.

Biður félagskonur að yfirfara upplýsingar um sig á félagatali og leiðréttir félagatalið á vef deildar.

Uppfærir stóra félagatalið á dkg.is

(https://www.dkg.is/static/files/skjol_land samband/felagatal_myndir_mai_2019.pdf)

gegnum vefstjóra landssambandsins og sendir tilkynningar til félaga- og útbreiðslunefndar.

Tilkynnir andlát félagskonu til vefstjóra og alþjóðasambands á til þess gerðu eyðublaði .

Hugar að samsetningu félagskvenna deildarinnar. Vantar fulltrúa einhverra starfssviða?

Kynna Lucille Cornetet sjóðinn og styrkveitingar úr honum, umsóknir fyrir 1. september og 1. nóvember.

Skrifar grein um deildarstarfið í Fréttabréf DKG á Íslandi skv. beiðni frá Samskipta- og útgáfunefnd.

Annað hálf árið (janúar-júní) á oddatölu

Yfirfer áætlun um fundi fyrir seinni hluta vetrar. Breytir upplýsingum á vef deildar og viðburðadagatali, ef ástæða er til.

Heldur minnst 2 stjórnarfundir (skv. reglugerð 7. gr. B 2) og framkvæmir ákvarðanir stjórnar.

Heldur deildarfundir skv. áætlun, staðfestir fundargerðir og gengur frá þeim með hefðbundnum hætti.

Stjórnar fundum deildar.

Upplýsir félagskonur um fréttir úr starfi landssambands og alþjóðasambands á fundum.

Hugar að inntöku nýrra félagskvenna með því að taka málið til umræðu á fundi. Deildarfundur skal ræða fjölgun félagskvenna og fyrir hvaða svið fræðslumála vanti einna helst fulltrúa, þannig að sem mest breidd sé í bakgrunni deildarkvenna. Sjá reglugerð 1. gr. C. (Má gera hvenær sem er)

Pantar félagsskírteini, nælur og kynningargögn frá höfuðstöðvum (eða frá gjaldkera landssambands) í tæka tíð fyrir inntöku nýrra félaga. (Má gera hvenær sem er)

Sendir forseta landssambandsins skýrslu um störf deildar síðastliðin tvö starfsár mánuði fyrir landssambandsþing.

Situr Landssambandsþing, sem haldið er að vori, oftast í maí.

Hvetur félagskonur til að sitja landssambandsþing.

Tillögur um breytingar á lögum landssambandsins þarf að senda laganefnd minnst 90 dögum fyrir þing.

Skrifar grein um deildarstarfið í Fréttabréf DKG á Íslandi skv. beiðni frá Samskipta- og útgáfunefnd.

Kynna Lucille Cornetet sjóðinn og styrkveitingar úr honum, umsóknir fyrir 1. febrúar og 1. maí.

Hvetja konur til að sækja alþjóðaráðstefnur, ein þeirra er haldin í Evrópu. Upplýsingar eru á vef alþjóðasamtakanna.

Þriðja hálf árið (júlí-desember) á oddatölu

Heldur minnst 2 stjórnarfundir (skv. reglugerð 7. gr. B 2) og framkvæmir ákvarðanir stjórnar.

Kannar hjá gjaldkera hvernig innheimtur ganga á félagsgjöldum. Heyrir í þeim konum sem ekki hafa greitt og hvetur þær til að greiða.

Gerir áætlun um deildarfundi fyrir veturinn (minnst 4 fundi) og birtir á vef deildar og sameiginlegu viðburðadagatali á dkg.is

Heldur deildarfundi skv. áætlun, staðfestir fundargerð og gengur frá henni með hefðbundnum hætti.

Þann 1. október falla þær félagskonur út af félagatali, sem ekki hafa greitt félagsgjöldin:

Fer yfir félagalista deildar.

Tekur út konur sem ekki hafa greitt félagsgjald.

Tekur út konur sem hafa sagt sig úr samtökunum.

Bætir við þeim konum sem gengið hafa í samtökin.

Biður konur að yfirfara upplýsingar um sig og laga á vef deildar.

Skoðar og uppfærir stóra félagatalið á dkg.is og sendir tilkynningar til félaga- og útbreiðslunefndar.

(https://www.dkg.is/static/files/skjol_landsamband/felagatal_myndir_mai_2019.pdf)

Tilkynnir andlát félagskonu til vefstjóra og alþjóðasambands á til þess gerðu eyðublaði.

Hugar að inntöku nýrra félagskvenna með því að taka málið til umræðu á fundi. Deildarfundur skal ræða fjölgun félagskvenna og fyrir hvaða svið fræðslumála vanti einna helst fulltrúa, þannig að sem mest breidd sé í bakgrunni deildarkvenna. Sjá reglugerð 1. gr. C. (Má gera hvenær sem er)

Pantar félagsskírteini, nælur og kynningargögn frá höfuðstöðvum (eða frá gjaldkera landssambands) í tæka tíð fyrir inntöku nýrra félaga. (Má gera hvenær sem er)

Skrifar grein um deildarstarfið í Fréttabréf DKG á Íslandi skv. beiðni frá Samskipta- og útgáfunefnd.

Kynna Lucille Cornetet sjóðinn og styrkveitingar úr honum, umsóknir fyrir 1. september og 1. nóvember.

Kynna Golden Gift sjóðinn og styrkveitingar úr honum, umsóknarfrestur 15. desember.

Fjórða hálf árið (janúar-desember) á sléttri tölu

Heldur minnst 2 stjórnarfundir (skv. reglugerð 7. gr. B 2) og framkvæmir ákvarðanir stjórnar.

Yfirfer áætlun um fundi fyrir seinni hluta vetrar og lagar hafi orðið breytingar. Breytir upplýsingum á vef deildar og á viðburðadagatali.

Síðasti möguleiki á að taka inn nýjar félagskonur.

Pantar félagsskírteini, nælur og kynningargögn frá höfuðstöðvum (eða frá gjaldkera landssambands) í tæka tíð fyrir inntöku nýrra félaga.

Heldur minnst 2 fundir skv. áætlun, staðfestir fundargerð og gengur frá henni með hefðbundnum hætti.

Kynnir íslenska námsstyrkjasjóðinn

Kynnir Lucille Cornetet sjóðinn og styrkveitingar úr honum, umsóknir fyrir 1. febrúar og 1. maí.

Skipar uppstillingarnefnd þremur mánuðum fyrir aðalfund.

Fær tillögur uppstillingarnefndar 2 mánuðum fyrir aðalfund.

Heldur aðalfund, flytur skýrslu um starfið s.l. tvö ár og sér til þess að fundurinn

Kjósi stjórn

Farið sé yfir fjármál deildarinnar

Félagsgjöld sem deildin leggur ofan á gjöld til landssambands og alþjóðasambands séu ákveðin. Sjá nánar í lögum 4. gr. A

Landssamband heldur vorþing, oftast í maí. Æskilegt er að formaður sæki þingið og hvetji sem flestar félagskonur til að sækja það einnig.

Alþjóðaping er haldið að sumri. Tillögur að breytingum á lögum þurfa að liggja fyrir með minnst 4 mánaða fyrirvara.

Hvetur félagskonur til að sækja alþjóðaping.

Afhendir næsta formanni eigur deildarinnar og gögn.

Reglulega þarf að huga að grisjun og varðveislu gagna.